

## SAMÞYKKT

### um hæsnahald í Garðabæ.

#### 1. gr.

##### *Gildissvið og markmið.*

Samþykkt þessi gildir um hæsnahald í Garðabæ á svæðum öðrum en skipulögðum landbún- aðarsvæðum og skráðum lögbýlum. Samþykktin er sett til að tryggja góða hollustuhætti, góða umgengni og fullnægjandi mengunarvarnir vegna hæsnahalds í þéttbýli Garðabæjar.

Matvælastofnun fer með mál er varða lög um velferð dýra samkvæmt lögum nr. 55/2013, um velferð dýra.

Umhverfisstjóri í umboði bæjarstjórnar Garðabæjar annast útgáfu leyfa og framkvæmd samþykktar þessarar.

#### 2. gr.

##### *Leyfisveitingar.*

Lögráða einstaklingar og lögaðilar geta sótt um leyfi fyrir hæsnahaldi í þjónustuveri á bæjar- skrifstofum Garðabæjar eða á vefnum [www.gardabaer.is](http://www.gardabaer.is) á þar til gerðum eyðublöðum áður en hæsnahald hefst.

Skilyrði leyfisveitinga eru:

- Að tilskilin leyfi byggingar- og skipulagsyfirvalda liggi fyrir nema að skilyrði í g. lið í 2.3.5. gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012 séu uppfyllt.
- Að fyrir liggi samþykkt sameigenda ef um fjöleignarhús er að ræða. Sama á við ef um er að ræða jörð eða fasteign í óskiptri sameign. Sé umsækjandi leigjandi skal fylgja samþykki leigusala.
- Að fyrir liggi samþykki aðliggjandi lóða ef um einbýlishús eða rað-/parhús er að ræða.

Leyfilegt er að halda allt að sex hænsni á hverri lóð. Óheimilt er með öllu að halda hana. Leyfi er veitt að hámarki til fimm ára.

#### 3. gr.

##### *Lausaganga.*

Lausaganga hænsna er með öllu óheimil og ber hæsnæigandi fulla vörsluskyldu. Hæsnæ- eigandi er að öllu leyti ábyrgur fyrir hænsnum sínum og ber að koma í veg fyrir að hæsnahaldið valdi ónæði í umhverfinu, svo sem vegna hávaða, ólyktar og hvers konar óþrifnaðar.

#### 4. gr.

##### *Handsömun.*

Sleppi hæna frá eiganda eða umráðamanni, skal viðkomandi tafarlaust gera ráðstafanir til að handsama fuglinn. Hænsni í lausagöngu má færa í geymslu á vegum Garðabæjar. Hænsna þarf að vitja innan tveggja sólarhringa frá handsömun. Að öðrum kosti skulu handsömuð hænsni aflífuð.

#### 5. gr.

##### *Skil á handsömuðum fugli.*

Hafi hæsnfugl verið handsamaður, er óheimilt að afhenda hann fyrr en að lokinni greiðslu áfallins kostnaðar. Sé eigandi ekki með leyfi fyrir hæsnahaldi skal afla leyfis og greiða það áður en hænsni fæst afhent. Kostnaður við handsömun, geymslu og aflifun skal að fullu greiddur af eiganda.

6. gr.  
*Ónæði.*

Til að koma í veg fyrir ónæði vegna hávaða ber að hafa myrkur hjá hænsnum frá kl. 21.00 til kl. 7.00 alla daga.

Þrífa þarf kofa að lágmarki vikulega. Skít skal fjarlægja með daglegri umhirðu og hann má ekki safnast upp. Hænsnaskít skal farga eða nýta á löglegan hátt. Þegar mokað er úr kofa skal koma hænsnaskít fyrir í lokuðum umbúðum þannig að hann valdi ekki lyktarmengun. Þegar hænsnaskítur er nýttur sem áburður skal plægja hann niður þannig að hann liggi ekki á yfirborðinu. Ef ekki er unnt að nýta skít skal flytja hann í lokuðum umbúðum á móttökustöð fyrir lífrænan úrgang.

7. gr.  
*Kofar fyrir hænsni.*

Á lóðum þar sem veitt er leyfi til hæsnahalds þarf að vera hæfilega stór kofi sem rúmar þann fjölda af hænum sem leyfið er veitt fyrir. Kofi fyrir sex hænur þarf að vera að lágmarki 3 m<sup>2</sup> að stærð. Í kringum hæsnakofa skal vera hæsnahelt gerði, hæfilega stórt fyrir útiveru hæsnanna. Hæsnakofi og gerði skulu vera vel innan lóðamarka viðkomandi lóðar að lágmarki 3 metrar. Kofi skal vera meindýraheldur og fóður skal geyma í meindýraheldum ílátum.

Leyfishafa ber að gera ráðstafanir til að tryggja að meindýr komist ekki í fóður.

8. gr.  
*Afturköllun leyfis.*

Bæjarstjórn getur afturkallað leyfi til hæsnahalds samkvæmt samþykkt þessari ef hæsnahaldið veldur ónæði í umhverfinu, ofnæmi, eða ef brotið er gegn samþykkt þessari.

9. gr.  
*Eftirlit.*

Eftirlit með því að ákvæðum samþykktar þessarar sé framfylgt er í höndum heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis.

10. gr.  
*Valdsvið og þvingunarúrræði.*

Um valdsvið og þvingunarúrræði og viðurlög við brotum gegn ákvæðum samþykktar þessarar fer samkvæmt VI. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

11. gr.  
*Gjaldtaka.*

Bæjarstjórn Garðabæjar er heimilt að setja gjaldskrá í samræmi við 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til að standa straum af kostnaði vegna framfylgdar á samþykkt þessari. Í gjaldskrá eru upplýsingar um leyfis- og eftirlitsgjöld og jafnframt að leyfishafi skuli bera allan kostnað sem kann að hljóta af handsömun, fóðrun, hýsingu og aflífun hæsnanna.

Gjöld vegna aðkomu heilbrigðisnefndar greiðast samkvæmt gjaldskrá Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis.

12. gr.  
*Úrskurðarnefnd.*

Heimilt er að kæra stjórnvaldsákvæðanir samkvæmt samþykkt þessari til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sem starfar samkvæmt lögum nr. 130/2011.

Nágranna sem verður fyrir ónæði eða óhollustu af hæsnahaldi er heimilt að leggja inn kvörtun hjá heilbrigðisnefnd með vísan til samþykktar þessarar.

13. gr.  
*Staðfesting.*

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og öðlast þegar gildi.

*Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 17. nóvember 2016.*

F. h. r.  
**Sigurbjörg Sæmundsdóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Laufey Helga Guðmundsdóttir.*